



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

1. maí 2007

Netföng: skrifstofa@vlf.a.is og vlf.a@vlf.a.is • Heimasíða: www.vlf.a.is •

Á réttri leið

Glæsileg útkoma VLFA úr könnun Capacent Gallup

Verkalýðsfélag Akraness kom einstaklega vel út í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Starfsgreinasamband Íslands um viðhorf félagsmanna til starfsemi þeirra félaga sem eiga aðild að SGS. Mikill meirihluti eða rúmlega 85% þeirra félagsmanna VLFA sem tóku þátt í könnuninni lýstu sig ánægða með starfið í félaginu. Einungis eitt stéttarfélag innan sambandsins, Verkalýðsfélag Húsavíkur, kom betur út en Verkalýðsfélag Akraness en spurt var um hvort félögin stæðu sig vel eða illa. Í þriðja sæti kom svo Verkalýðsfélag Vesturlands.

Hvatning um að gera betur

Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA er að vonum ánægður með niðurstöðuna. „Eins og sést á þessu er niðurstaðan afar hagstæð fyrir Verkalýðsfélag Akraness og sýnir að stjórn félagsins er á réttri leið. Að svona hátt hlutfall lýsi yfir ánægju sinn með störf okkar sem hafa valist til forystu í félaginu staðfestir að nauðsynlegt var að stokka upp. Þessi árangur hefði ekki náðst



Frá kröfugöngu 1. maí 2006.

Ljósmynd: K.K.

nema með samstilltri stjórn og góðum starfsmönnum og er okkur mikil hvatning um að gera ennþá betur,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

Af þeim svarkostum sem voru í boði þá töldu 40,5% félagsmanna félagið standa sig mjög vel og 45,2% völdu svarið „frekar vel“. Einungis 4,4% töldu

félagið standa sig frekar illa eða mjög illa og tæp tíu prósent svöruðu með „hvorki né“. Könnunin náði til allra 26 félaga innan SGS. Í endanlegu úrtaki könnunarinnar voru 1229 félagsmenn landsbyggðarfélaga SGS víðs vegar um landið. Fjöldi svarenda var 721 og var svarhlutfall 58,7%.

Verkalýðsfélag Akraness

sendir félagsmönnum
árnaðaróskir á baráttudegi
verkafólks 1. maí

Stöndum vörð um réttindi okkar!

Breytingar á Sjúkrasjóði

Í ljósi góðrar afkomu Verkalýðsfélags Akraness hefur stjórn Sjúkrasjóðs ákveðið að leggja fram breytingar á reglugerð sjóðsins á næsta aðalfundi sem haldinn verður laugardaginn 28. apríl kl. 13.00. Það er stefna stjórnar félagsins að félagsmenn eigi að njóta ávinningsins þegar vel gengur.

Í áður nefndri reglugerðarbreytingu er lagt til að fimm nýir styrkir verði teknir upp hjá Sjúkrasjóðnum og hefur styrkjum þá fjölgað um sjö frá því ný stjórn tók við þann 19. nóvember 2003.

Ágætu félagsmenn



Eins og fram kemur hér á forsiðu fréttabréfs VLFA þá eru 86% aðspurðra félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness ánægðir með starfsemi félagsins samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Starfsgreinasamband Íslands. Er það næstbesti árangur innan allra félaga, en könnunin náði til 26 stéttarféлага innan Starfsgreinasambands Íslands vítt og breitt um landið.

sjóði liður í að bæta þjónustu við félagsmenn enn frekar. Stjórn félagsins hefur á þeim tæpum fjórum árum sem hún hefur haldið um stjórnartaumana þurft að taka á nokkrum erfiðum málum þar sem sótt hefur verið að réttindum félagsmanna. Það er og verður stefna stjórnar félagsins að standa einarölega vörð um öll áunnin réttindi félagsmanna og mun stjórnin hvorki horfa í tíma né kostnað í þeirri réttindabaráttu. Þessi réttindabarátta hefur skilað milljónum króna í vasa okkar félagsmanna.

Uppbygging félagsins

Eins og mörgum er í fersku minni voru gríðarleg átök í kringum Verkalýðsfélag Akraness um nokkurra ára skeið. Mikil óstjórn og óráðsía hafði einkennt rekstur og starfsemi félagsins um langt árablið og var félagssjóður t. d. fjárvana þegar ný stjórn tók við í nóvember 2003. Þessi tæplega fjögur starfsár núverandi stjórnar hafa einkennt af uppbyggingu félagsins á öllum sviðum, ekki síst félagslega og fjárhagslega. Á grundvelli áður nefndra staðreynda er þessi útkoma úr könnun Capacent Gallup ennþá ánægjulegri fyrir núverandi stjórn. Stjórn félagsins mun halda áfram á þeirri braut að byggja félagið upp og þjónusta félagsmenn eins vel og kostur er. Afkoma félagsins á síðasta ári var einkar góð og hefur stjórn sjúkrasjóðs ákveðið að leggja fram reglugerðarbreytingu á næsta aðalfundi þar sem lagt verður til að taka upp fimm nýja styrki til handa félagsmönnum. Þannig munu félagsmenn njóta afkasturs góðrar afkomu félagsins og einnig er þessi tillaga um fjölgun styrkja úr sjúkra-

Lágmarkslaun hækki

Rétt er að geta þess að um næstu áramót eru kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði lausir. Það verður að vera skýlaus krafa í næstu samningum að lágmarkslaun hækki til samræmis við þau markaðslaun sem greidd eru í dag. Til þess þurfa lágmarkslaunin að hækka allverulega. Það er ekki lengur hægt að horfa upp á það að verkafólk eitt og sér sé látið viðhalda stöðugleikanum í þessu landi. Aðrir verða að leggja sitt af mörkum.

Með baráttukveðju,

Vilhjálmur Birgisson

www.vlfa.is

Afsláttur í göng og ferju

Félagsmenn VLFA geta sem fyrr keypt afsláttareiningar (30-60%) í Hvalfjarðargöng og Vestmannaeyjarferjuna Herjólf á skrifstofu félagsins.

Veðiuleyfi og tjaldstæði

Félagar í VLFA, makar þeirra og börn innan 16 ára geta sem fyrr fengið frítt veðiuleyfi í Eyrarvatni, Þórisstaðavatni og Geitabergsvatni í Svinadal. Einnig eiga félagsmenn friðan aðgang að tjaldstæði á Þórisstöðum gegn framvísun félagsskirteinis.

Ókeypis lögfræðisþjónusta

Félagsmenn geta fengið ókeypis lögfræðiráðgjöf hjá lögmanni félagsins með því að panta sér viðtalstíma á skrifstofu félagsins í síma 430-9900.



Nr 5. 3. árgangur 1. maí 2007
 Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
 Sunnubraut 13 - 300 Akranes
 Sími: 430-9900 - Fax: 430-9901
 Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
 Heimastíða: www.vlfa.is
 Ábm: Vilhjálmur Birgisson
 Umsjón og umbrot: Uppheimar
 Prentun: Prentmet Vesturlands

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness

verður haldinn laugardaginn 28. apríl kl. 13:00 að Kirkjubraut 40, 3. hæð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu
3. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
4. Kosningar sem þurfa að fara fram samkvæmt 28. gr. laga félagsins
5. Ákvörðun félagsgjalda
6. Önnur mál

>> Félagsmenn eru hvattir til að mæta

>> Kaffiveitingar



Pessi stendur upp úr

Oft er besta hugmyndin beint fyrir framan þig. Hugmyndin um að eyða í sparnað er skynsamleg og svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
- Byrjaðu að spara reglulega

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



1. maí á Akranesi!

Verkalýðsfélag Akraness, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, VR, FIT, Félag iðn- og tæknigreina, Kennarasamband Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við Kirkjubraut 40 kl. 14:00 og genginn hringur á Neðri-Skaga. Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá í sal Verkalýðsfélags Akraness að Kirkjubraut 40.

- » **Dagskrárstjóri:**
Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri
- » **Ræðumaður dagsins:**
Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ
- » Kvennakórinn Ymur og Grundartangakórinn syngja nokkur lög
- » Kaffiveitingar
- » Frítt í bíó fyrir börnin í Bíóhöllinni kl. 15:00

Félagsmenn fjölmennið!

1. maí nefndin



Ráðherra í heimsókn

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kom í heimsókn á skrifstofu VLFA fyrir skemmstu. Ráðherrann og Vilhjálmur Birgisson formaður félagsins ræddu um atvinnuuppbyggingu svæðisins og ennfremur þau mál er lúta að erlendu vinnuafli og félagslegum undirboðum sem hafa aukist verulega í kjölfar vaxandi þátttöku erlends vinnuafils á íslenskum vinnumarkaði. Formaður áréttaði að mjög brýnt væri að auka heimildir stéttarfélagana til eftirlits með þeim fyrirtækjum sem eru með erlenda starfsmenn í þjónustu sinni. Fram kom í máli ráðherrans að hann væri tilbúinn að skoða þau atriði sem formaður nefndi með jákvæðum huga.

Annriki vegna framtalsaðstoðar

Mikið annriki var á skrifstofu VLFA í mars vegna aðstoðar við gerð skattframtals sem félagið býður uppá. Ný stjórn félagsins tók ákvörðun á sínum tíma um að liðsinna félagsmönnum í þessum efnunum. Umtalsvert fleiri nýttu sér þessa þjónustu í ár en í fyrra og voru erlendir verkamenn í meirihluta.

Styrkir úr starfsmenntasjóðum

VLFA er aðili að starfsmenntasjóðum Landsmenntar, Ríkismenntar, Sveitamenntar og Sjömenntar. Félagsmenn eiga rétt á endurgreiðslu úr þessum sjóðum á hluta kostnaðar vegna starfstengdra námskeiða sem og frístundarnámskeiða. Á síðasta ári námu styrkir til félagsmanna VLFA tæplega 2,5 milljónum. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér rétt á endurgreiðslu úr þessum sjóðum. Hafið samband við skrifstofu félagsins til að fá upplýsingar um námskeið sem félagið styrkir.

Afkoma félagsins mjög góð

Afkoma Verkalýðsfélags Akraness á árinu 2006 var einstaklega góð. Í ársreikningi félagsins kemur fram að heildarhagnaður þess var kr. 54.658.894. Helstu ástæður góðrar afkomu má rekja til aukinnar atvinnuþátttöku á svæði félagsins og ekki síst í aukinni eftirfylgni í að félagsgjöld skili sér. VLFA náði ennfremur mjög hagstæðum samningum við Landsbankann um ávöxtun á fé félagsins sem nýtur nú bestu vaxtar-kjara sem völ er á. Ársreikningar liggja frammi á skrifstofu félagsins.

Algjör viðsnúningur

Rétt er að minna á að þegar ný stjórn tók við árið 2003 var félagssjóður rekinn á tveggja og hálfra milljóna króna yfirdrætti og með tapi upp á 1,7 milljónir. Og það er ekki bara í stórbættari afkomu félagsins sem hefur orðið algjör viðsnúningur því félagslegi þátturinn hefur styrkst verulega eins og



Frá fundi í stjórn félagsins. Stjórnarmenn eru að vonum ánægðir með góðan árangur í rekstri félagsins.

staðfestist í könnuninn sem Capacent Gallup gerði á viðhorfi félagsmanna til starfsemi félagsins og kynnt er á forsiðu fréttabréfsins hér að framan.

Þingfararkaupið hefur hækkað 40% meira en lágmarkslaun

Í samantekt sem Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA hefur gert kemur fram að þingfararkaupið hefur hækkað 40% meira heldur en lágmarkslaun á tímabilinu 1997 til 2007. Árið 1997 voru lágmarkslaun 61.000 kr. en í dag eru þau 125.000 og hafa því hækkað um 64.000 kr. á mánuði eða um 105%. Þingfararkaupið var fyrir 10 árum síðan 212.000 kr. en í dag er það 518.000 kr. og hefur hækkað um 306.000 kr. á mánuði eða sem nemur 145%. „Einstaka þingmönnum hefur verið tíðrætt um að lægstu launin hafi hækkað verulega hér á landi á undanförunum árum en staðreyndin er hins vegar sú að laun þingmannanna sjálfra hafa hækkað 40% meira heldur en lægstu launin.

Sama prósentuhækkun hefði skilað 24 þúsund krónum meira til þeirra sem þiggja lægstu laun,“ segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur telur að verkalýðshreyfingin þurfi að skoða nánar hvort taka eigi upp krónutöluhækkunar til handa þeim sem lægstu hafa launin

„Prósentuhækkunar gera lítið annað en að auka á það launamisrétti sem ríkir í þessu landi. Ég ætla ekki að leggja mat á hvort þingfararkaupið sé of hátt eða ekki en það er hollt fyrir þá þingmenn, sem segja lægstu launin hafi hækkað mikið á undanförunum árum, að minnast þess að kaup þeirra sjálfra hefur hækkað umtalsvert meira,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

www.vlfa.is



Félagsmálanefnd Alþingis óskaði umsagnar VLFA

Í febrúar s. l. óskaði félagsmálanefnd Alþingis eftir því að Verkalýðsfélag Akraness gæfi umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands. VLFA varð að sjálfsgöðu við þessari ósk og skilaði umsögn sem finna má á vef félagsins www.vlfa.is

Laun erlendra verkamanna leiðrétt

Þegar skoðuð eru mál sem Verkalýðsfélag Akraness hefur unnið að á síðastliðnum tveimur árum, - og lýtur að brotum á réttindum erlendra verkamanna - kemur í ljós að félagið hefur náð fram leiðréttingu á launum þeirra sem nemum tæpum 5,2 milljónum króna. Brotin hafa verið margvísleg en algengast er að launataxtar uppfylli ekki lágmarkstaxta og að hvíldarákvæði kjarasamninga eru ekki virt.

Verkalýðsfélag Akraness hefur tekið mjög fast á félagslegum undirboðum á

sínu svæði og heldur úti reglubundnu eftirliti með þeim fyrirtækjum sem eru með erlenda starfsmenn í sinni þjónustu. Það er mat stjórnar félagsins að félagsleg undirboð geri ekkert annað en að gjaldfella launakjör á íslenskum vinnu-markaði og við því verður verkalýðshreyfingin að bregðast í komandi kjarasamningum. Leiðin til þess er að hækka lágmarkstaxta upp að markaðslaunum og stórauка eftirlit með félagslegum undirboðum.

Það er mat félagsins að atriði í þessu frumvarpi hafi verið til bóta fyrir erlenda starfsmenn sem hingað koma til starfa. Af hálfu félagsins voru gerðar athugasemdir varðandi heimildir stéttarfélaga til að sinna eftirliti með kjörum þeirra til að tryggja að ekki sé verið að misbjóða erlendum starfsmönnum, og einnig til að gjaldfella ekki þau launakjör sem íslenskir launþegar hafa barist fyrir á liðnum árum og áratugum.

FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR
Sameinaður Lífeyrissjóður Suðurlands og Vesturlands

18,8% ávöxtun árið 2006

Breytingar á hreinni eign	2006 í þúsundum króna	2005 í þúsundum króna
Iðgjöld	2.814.212	2.343.907
Lífeyrir	1.167.757	1.140.812
Fjárfestingartekjur	7.708.958	4.297.280
Fjárfestingargjöld	71.998	57.939
Rekstrarkostnaður	74.909	71.042
Hækkun á hreinni eign á árinu:	9.208.506	5.371.394
Hrein eign frá fyrra ári:	39.425.796	34.054.402
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris:	48.634.302	39.425.796
Efnahagsreikningur		
Fjárfestingar:		
Húseignir og lóðir	28.079	28.728
Verðbréf með breytilegum tekjum	25.302.817	20.321.467
Verðbréf með föstum tekjum	21.915.557	15.968.108
Veðlán	882.896	1.381.635
Bundin innlán og aðrar fjárfestingar	440.494	464.611
Fjárfestingar:	48.569.843	38.164.548
Annað:		
Kröfur á viðskiptamenn	840.313	401.787
Aðrar eignir	176.265	1.009.725
Viðskiptaskuldir	952.119	150.264
Annað:	64.459	1.261.248
Hrein eign til greiðslu lífeyris:	48.634.302	39.425.796
Ýmsar kennitölur		
Nafnávöxtun	18,80%	12,10%
Raunávöxtun	11,30%	7,70%
Hrein raunávöxtun (að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar)	11,10%	7,50%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára	6,60%	3,40%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	6,40%	-0,70%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	14,20%	6,00%
Nafnávöxtun sérgreinardeildar	15,90%	11,20%
Raunávöxtun sérgreinardeildar	8,40%	6,80%
Hrein raunávöxtun sérgreinardeildar	8,30%	6,60%

Tæpir 2 milljarðar greiddir til aukningar áunninna réttinda sjóðfélaga

www.festa.is

Stjórn Festu lífeyrissjóðs

Kristján Gunnarsson formaður
Bergþór Guðmundsson varaformaður
Ragna Larsen,
Sigrún Helga Einarsdóttir
Þórarinn Helgason
Bergþór Baldvínsson

Framkvæmdastjóri

Gylfi Jónasson

Trast - Ábyrgð - Festa

Heiðursfélagar falla frá



Herdís Ólafsdóttir heldur ræðu 1. maí 1963.



Skúli Þórðarson í fararbroddi í kröfugöngu 1. maí.

Herdís Ólafsdóttir, fyrrverandi formaður kvennadeildar, ritari, heiðursfélagi og starfsmaður Verkalýðsfélags Akraness, lést aðfaranótt mánudags, 96 ára að aldri.

Herdís gekk í Verkalýðsfélag Akraness 27. júní 1931 og var kjörin varaformaður kvennadeildar sama ár. Hún varð starfsmaður Verkalýðsfélags Akraness árið 1960 og starfaði hjá félaginu samfellt í 30 ár. Hún barðist af elju og atorkusemi fyrir bættum hag verkafólks, ekki síst verkavenna. Verkalýðsfélag Akraness þakkar mikilvæg störf Herdísar fyrir félagið.

Skúli Þórðarson, fyrrverandi formaður Verkalýðsfélags Akraness og heiðursfélagi, lést sunnudaginn 22. apríl, 77 ára að aldri.

Skúli gegndi formennsku í Verkalýðsfélagi Akraness á árunum 1966 til 1981. Félagið eignaðist sterkan forystumann þegar hann tók við formennsku í félaginu og skilaði hann því starfi með miklum sóma.

Verkalýðsfélag Akraness þakkar Skúla óeigingjarnt og gott starf í þágu félagsins.



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 09:00-16:00. Sími skrifstofunnar er 430-9900. Utan afgreiðslutíma félagsins er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmm Birgisson, í síma 865-1294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlf.a.is
Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlf.a.is
Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
audur@vlf.a.is

FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Ávöxtun 18,8% árið 2006

Á miðju ári 2006, sameinuðust Lífeyrissjóður Suðurlands og Vesturlands og hlaut hinn sameinaði sjóður nafnið Festa lífeyrissjóður. Nafnávöxtun Festu lífeyrissjóðs var 18,8% á árinu 2006, sem jafngildir 11,3% raunávöxtun. Í árslok 2006 var hrein eign til greiðslu lífeyris rúmir 48,6 milljarðar og hækkaði hún um 23,4% á milli ára.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 6,6% og er þá ávöxtun beggja sjóða hlutföllunni miðað við hreina eign sjóðanna í lok hvers árs.

Ávöxtun séreignardeildar sjóðsins var einnig góð, eða 15,9%, sem jafngildir 8,4% raunávöxtun.

Góðri afkomu ársins 2006 má fyrst og fremst þakka hagstæðum skilyrðum á verðbréfamörkuðum, bæði innanlands sem utan. Þannig hækkaði Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands um 15,8% og erlend hlutabréf um 17,8% í erlendri mynt, en sökum mikillar veikingar krónu gagn-

vart helstu myntum, hækkaði heimsvisitala hlutabréfa um 32,8%. Í árslok 2006 voru 52% fjárfestinga með breytilegum tekjum (hlutabréf og sjóðir), 47% með föstum tekjum (skuldabréf) og 1% í bundnum innlánnum. Rúm 30% fjárfestinga var í erlendri mynt.

Réttindi sjóðfélaga aukin

Iðgjöld ársins námu 2.814 milljónum, sem er 20,1% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur námu 1.168 milljónum, en það er 2,4% hækkun frá fyrra ári. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem miðast við stöðu sjóðsins í lok árs 2006 eru eignir sjóðsins 6,4% umfram heildarskuldbindingar. Stjórn sjóðsins mun leggja til við aðalfund að áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði aukin um 4% frá og með 1. janúar 2007. Þrátt fyrir þessa hækkun réttinda mun staða sjóðsins verða jákvæð um 4,4% eða rúma 4 milljarða.

Greiðslur úr sjúkrasjóði 20 milljónir á síðasta ári

Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness greiddi tæpar 20 milljónir í styrki og bætur á síðasta ári til félagsmanna. Greiðslur úr sjóði félagsins hafa aukist um 8% á milli ára og er það fyrst og fremst vegna þess að fleiri styrkir eru nú í boði til handa félagsmönnum en mörg undanfarin ár. Önnur ástæða aukningar er að töliverð breyting varð á greiðslu sjúkradagpeninga til félagsmanna eftir að greiðsluskyldu atvinnurekanda lýkur. Sjúkradagpeningar félagsmanna eru nú 80% af launum en þó að hámarki 250.000 og miðast þeir við laun síðustu sex mánaða fyrir veikindi. Á næsta aðalfundi verður lögð fyrir breyting á reglugerð sjúkrasjóðsins sem





Úr ferð eldri borgara á síðasta sumri.

mun tryggja félagsmönnum fimm nýja styrki. Þessi tillaga að reglugerðarbreytingu er vegna góðrar afkomu sjóðsins og er liður í því að bæta þjónustuna við félagsmenn enn frekar.

Sumarúthlutun orlofshúsa 2007

Frestur til að skila inn umsóknum um orlofshús í sumar rann út þann 13. apríl síðast liðinn. Fyrstu úthlutun er lokið og fengu allir umsækjendur sent bréf frá félaginu þar sem þeir voru upplýstir um hvort, og þá hvaða orlofshús, féll þeim í skaut. Greiðslufrestur hjá þeim sem fá úthlutað úr fyrstu úthlutun er

núna 2. maí. Endurúthlutun fer fram 10. maí og greiðslufrestur er til 16. maí. Eftir það verða lausar vikur auglýstar á vefsíðu félagsins www.vlfa.is og þeim úthlutað 18. maí. Gildir um þær sama regla og áður að „Fyrstur kemur – fyrstur fær“. Hægt er að bóka þessar vikur á skrifstofu félagsins.



Nýr möguleiki á dvöl í orlofshúsi í sumar fyrir félagsmenn er bústaðurinn Bláfell í Biskups-tungum. Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni www.sveitasetrid.com

**Sendum
félagsmönnum
VLFA kveðju í tilefni
af 1. maí**

TRÉSMÍÐJAN AKUR EHF
Smiðjuvöllum 9 - S: 431-6600

VIGNIR G. JÓNSSON HF
Smiðjuvöllum 4 - S: 431-5000

**VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA
AKRANESS**
Stillholti 23 - S: 431-3099

HARÐARBAKARÍ
Kirkjubraut 54 - S: 431-2399

TRÉSM. ÞRÁINS E. GÍSLAS.
Hafnarbraut 8 - S: 430-3660

FISKIHORNIÐ
Ægisbraut 29 S: 431-2595

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ
Dalbraut 6 - S: 431-1500

HÁRHÚS KÖTLU
Stillholti 14 - S: 432-0341

FANG
Grundartanga 4 - S: 431-5000

FORTUNA - MATSTOFA
Mánabraut 20 - S: 431-3737

NORÐANFISKUR EHF
Vesturgötu 4 - S: 430-1700

**Sjúkrasjóður
Verkalýðsfélags
Akraness**

sendir
félagsmönnum
baráttukveðju í
tilefni dagsins

**Stöndum vörð um
réttindi verkafólks**

Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí



smellinn
FORSTEYPTAR EININGAR



NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM



Akraneskaupstaður



VÁTRYGGINGARFÉLAG ÍSLANDS HF



BJARMAR
VÉLAVERKTAKAR

GLITNIR

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



Vinnumálastofnun á
Vesturlandi
Stílholti 18 - 430 5300

